

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 14. fundur skólanefndar
5. október 2004

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Eypór Benediktsson, Björg Ágústsdóttir, Sigríður Finsen, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Vilhjálmur Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.
Sveinn Elinbergsson boðaði forföll.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl 16:30 og bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega nýskipaðan áheyrnarfulltrúa nemenda.

2. Fjármál

Skólameistari ræðir um frumvarp til fjárlaga sem búið er að birta á netinu. Þar heitir skólinn reyndar Snæfellsskóli en verið er að vinna í að fá því breytt. Skólameistari afhendir fundarmönnum drög að framlagi pr. ársnemanda miðað við fjárlög en óvissan er þó töluverð þar sem erfitt er að meta hver nemendafjöldinn verður næsta vetur.

Umræða um þessar tillögur, vilji til að koma þessari óvissu á framfæri. Þyrftum að tryggja að við getum tekið fleiri nemendur inn.

Ársnemendatalan verður sett inn í skólasamninginn til eins árs. Okkur vantar forsendur til að gera áætlanir þar sem margt spilar inn í ásóknina í skólann.

Tillaga að unnið sé eftir því sem fram kemur í frumvarpinu og mun vinna við fjárhagsáætlun hefjast þegar upplýsingar til þess verða komnar.

Vinna við skólasamning fer af stað fljótlega.

3. Mötuneyti

Tvíþætt verkefni:

- Kaup á búnaði, tæki + annar búnaður
 - o Ríkiskaup aðstoðaði við gerð verðkönnunar, 4 aðilar fengu fyrirspurnir og má búast við svari eftir 1-2 vikur. Bráðabirgðaáætlun stenst að líkindum.
- Rekstur
 - o Stórar uppæðir og er því útboðsskylt. Ríkiskaup hefur gert tilboð í að sjá um slíkt útboð.
 - o Umræður um leiðir í þessu máli. Ákveðið að skoða þessi mál frekar og kanna hvaða leiðir eru færar. GA og BÁ skoða útboðshliðina nánar.

4. Önnur mál

Skólameistari ræðir um fleira sem þarf að kaupa. Tæki í íþróttasal, best að láta bjóða í slík tæki og nauðsynlegt að hafa fagmann með í ráðum.

Foreldrafundur annað kvöld kl. 20:00, verður árlegur viðburður en hér eftir aðeins foreldrar nýnema.

Fyrsti skóladansleikurinn gekk mjög vel, var vel undirbúið af stjórn nemendafélagsins og aðstoðarfólki. Vel mætt og mjög gaman.

BÁS segir frá starfi NFSN. Allar nefndir að fara af stað. Rætt um að rútukostnaður verði stór þáttur í kostnaði við atburði á vegum nemendafélagsins. Verið er að vinna við gerð heimasíðu sem verður www.nfsn.is Á næstu dögum munu lið frá skólanum keppa á framhaldsskólamóti í knattspyrnu.

Skólameistari ræðir um að senn líður að prófum, ekki verða mörg próf þar sem margir áfangar eru með símat. Gestakennslan fellur undir þetta fyrirkomulag og eru allir gestakennararnir með lotupróf nú að lokinni 1. lotu.

Skólameistari segir frá því að hópur frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur er væntanlegur í heimsókn föstudaginn 15. okt.-04

Fundi slitið kl. 17:40.